

Mál nr. 157/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot dags. 2. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að A, sem er rafmagnsbifreið í eigu M, hafi verið sett í samband að kvöldi hins 8. febrúar 2023. Um nóttina hafi bifreiðin runnið á klaka á bifreiðaplani við heimili M með þeim afleiðingum að rafmagnsmóttakið hafi rifnað úr A og eyðilagst og þá hafi hleðslustöðin sem fylgdi bifreiðinni einnig eyðilagst. V hefur fallist á bótarétt úr kaskótryggingu A hvað varðar skemmdir á bifreiðinni sjálfri en ekki hleðslustöðinni. M vísar í málskoti til þess að hún telji að þar sem hleðslustöðin hafi fylgt bifreiðinni og sé sérstaklega útbúin fyrir hana, sé hún hluti af bifreiðinni A og ætti tjón á henni því að falla undir kaskótryggingu A.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafi samþykkt bótaábyrgð vegna þess tjóns sem varð á A sjálfri. Hvað varðar tjón á hleðslustöð vísar V til skilmála kaskótryggingar þar sem komi fram að vátryggingin bæti tjón á „hinu vátryggða ökutæki“. Nái hún því aðeins til tjóns á bifreiðinni sjálfri en ekki annarra aukahluta hennar, s.s. hleðslustöðvar, og skipti þá ekki máli þó umrædd hleðslustöð hafi verið sett upp fyrir þessa tilteknu bifreið. Notkun A sé ekki háð þessari tilteknu hleðslustöð, enda sé væntanlega hægt að hlaða hana í fleiri hleðslustöðvum auk þess sem aðrar bifreiðar geti líklegast nýtt sér hleðslustöðina. Sé því ekki hægt að líta svo á að hleðslustöðin sé hluti bifreiðarinnar A. Þá er í bréfi V tekið fram að A sé einnig tryggð lögbundinni ábyrgðartryggingu. Þar sem umrædd hleðslustöð sé einnig í eigu M komi þó bótaskylda úr henni ekki til álita enda taki hún ekki til skemmda á öðrum eignum vátryggðs eða ökumanns. Geti ekki komið til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A enda geti M ekki átt skaðabótakröfu á hendur sjálfri sér.

Álit.

Í 2. gr. skilmála umræddrar vátryggingar er gildissvið hennar afmarkað en þar kemur m.a. fram að hún „bæti tjón á hinu vátryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika...“. Verður því miðað við, og er það jafnframt til samræmis við orðalag skilmálanna að öðru leyti, að gildissvið vátryggingarinnar takmarkist við bifreiðina sem slíka og búnað hennar. Almennu verður að telja að hleðslustöð sem væntanlega er tengd við rafmagn og rafleiðslur heimilis M sé fremur hluti fasteignar og nokkuð varanlega við hana skeytt, en að hún sé hluti bifreiðarinnar. Þess utan verður jafnframt að fallast á það með V að líklegast sé að hægt sé að hlaða A með öðrum hætti og eins sé hægt að hlaða aðrar bifreiðar í þessari tilteknu hleðslustöð. Í öllu falli hefur M ekki sýnt nægilega fram á að hleðslustöðin sem slík sé hluti bifreiðarinnar og verður því að hafna kröfu hennar.

Hvað varðar aðrar vátryggingar sem eru í gildi vegna A er ástæðulaust að fjalla ítarlega um þær, enda takmarkast krafa M fyrir nefndinni við bætur úr kaskótryggingu. Hins vegar er rétt að taka fram að í 2. gr. skilmála ábyrgðartryggingar A hjá V kemur fram að vátryggingin nái ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum vátryggingartaka, vátryggðs eða ökumanns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna tjóns á hleðslustöð úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir